



Akraneskaupstaður

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið
b.t. Sigurðs Inga Jóhannssonar ráðherra

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið srn@srn.is

Akranesi, 12.12.2018
1812067 SFP/sas

Efni: Nýting á þekkingu mannaúður Spalar ehf.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 11. desember síðastliðinn var svohljóðandi bókun lögð fram og samþykkt einróma:

„Bæjarstjórn Akraness fagnar þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur á Alþingi Íslendinga til stórfelldra samgöngubóta sem fyrirhugaðar eru á næstu árum og verða fjármagnaðar með álagningu flýtigjalda. Akurnesingar hafa verið í fararbroddi í þessari hugsun á Íslandi í yfir 20 ár eins og bygging og rekstur Hvalfjarðarganga eru góður vitnisburður um. Bæjarstjórn Akraness vill minna á að hjá starfsfólki Spalar á Akranesi, sem annaðist daglegan rekstur Hvalfjarðarganga, hefur myndast mikil þekking á gjaldtöku af notkun samgöngumannvirkja og vill bæjarstjórn Akraness hvetja Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til þess að nýta þessa yfirgripsmiklu þekkingu starfsfólks Spalar við undirbúning og ákvörðun um staðsetningu og umsýslu með innheimtu flýtigjalda á Íslandi.“

Ályktunin er send samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri